

## 12. gr.

10

Með reglugerð þessari er úr gildi numin reglugerð nr. 41, 29. apríl 1920, 10. febr. um notkun öldubrjótsins í Bolungavík, samþykkt um lendingarsjóð í Norður-Ísafjarðarsýslu 30. nóv. 1907 og samþykkt 16. júlí 1920 um breytingu á téðri samþykkt, að því leyti, sem samþykktir þessar ná til Bolungavíkur. Hafnar-sjóður Bolungavíkur yfirtekur eignir og skuldir Lendingarsjóðs Hólshrepps þegar reglugerð þessi öðlast gildi.

Reglugerð þessi öðlast gildi þegar í stað og birtist til eftirbreytni þeim, sem hlut eiga að máli.

Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið, 10. febrúar 1930.

Tryggvi Þórhallsson.

*Vígfús Einarsson.*

**Staðfesting konungs** á skipulagsskrá fyrir Minningarsjóð Bjarna Guðmundssonar, Kristjáns Finnssonar og Péturs Andréssonar, útgefin á venjulegan hátt, að mandatum af dóms- og kirkjumálaráðherra 15. febrúar 1930. Skipulagsskráin er þannig: 11

## SKIPULAGSSKRÁ

fyrir

„Minningarsjóð Bjarna Guðmundssonar, Kristjáns Finnssonar  
og Péturs Andréssonar“.

### 1. gr.

Sjóðurinn heitir Minningarsjóður Bjarna Guðmundssonar, Kristjáns Finnssonar og Péturs Andréssonar.

### 2. gr.

Sjóðurinn er stofnaður af kvenfélaginu „Fjöla“ á Vatnsleysuströnd, myndaður af gjöf frá félaginu að upphæð kr. 300.00 — þrjú hundruð krónur — og gjöfum frá öðrum kr. 1576.17 — fimmtán hundruð sjötíu og sex krónur og 17 aurar. — Samtals kr. 1876.17 — átján hundruð sjötíu og sex krónur og 17 aurar.

### 3. gr.

Sjóðinn skal ávaxta í sparisjóðsdeild Landsbankans eða á öðrum tryggum stað og áskotnist sjóðnum síðar fé með gjöfum, áheimum eða á annan hátt, legst

**11** Það við höfuðstólinn ásamt öllum vöxtum, þar til sjóðurinn er að upphæð kr. 15. febr. 15000.00 — fimmtán þúsund krónur — þá skal úthluta  $\frac{1}{2}$  vöxtum sjóðsins, þar til hann er orðinn kr. 25000.00 — tuttugu og fimm þúsund krónur — þá skal úthluta  $\frac{3}{4}$  af vöxtunum, en afgangur vaxtanna legst við höfuðstólinn þar til hann er orðinn kr. 100000.00 — hundrað þúsund krónur, — þá skal úthluta öllum vöxtum sjóðsins, en aðrar tekjur hans leggjast við höfuðstólinn.

#### 4. gr.

Tilgangur sjóðsins skal vera sá, að styrkja fátæk heimili og fátæka foreldra í Vatnsleysustrandarhreppi, hvort þeir þiggja af sveit eða ekki, en sérstaklega skulu þeir látnir ganga fyrir styrk, sem misst hafa fyrirvinnu heimilisins eins og líka farlama foreldrar, sem misst hafa ellistöð sína, son eða dóttir við dauðsfall.

#### 5. gr.

Styrknum úr sjóðnum skal ávallt úthluta um páskana.

#### 6. gr.

Sjóðnum skal stjórnað af stjórn kvenfélagsins „Fjóra“ í Vatnsleysustrandarhreppi og skal formaður þess félags vera sjálfkjörinn gjaldkeri sjóðsins. Hætti kvenfélagið „Fjóra“ störfum, sem félag, skal síðasti formaður þess tafarlaust tilkynna hreppsnefnd Vatnsleysustrandarhrepps upplausn félagsins og tekur þá þegar nefnd hreppsnefnd að sér gjaldkerastarf sjóðsins, unz hún hefir samankallað almennan hreppsfund, til þess að kjósa nýja stjórn sjóðsins, sem ávallt skulu vera konur giftar eða ógiftar, sem heimili eiga í hreppnum. Kosningin gildir í 5 ár. Fari einhver úr nefndinni skal á sama hátt kjósa í skarðið.

#### 7. gr.

Ekki má það dragast lengur en 3 mánuði að kjósa nýja stjórn samkv. 6. gr. ef kosningin þarf að fara fram eftir því, sem þar um getur.

#### 8. gr.

Verði styrktarsjóðir, váttryggingar eða aðrir sjóðir svo fullnægjandi, að þeir, er styrks ættu að njóta úr nefndum sjóð samkvæmt skipulagsskrá þessari, ekki þurfi þess með, skal verja honum samkv. 3. gr. til þess, að útvega eitt sjúkrarúm í Landsspítalanum, sem ber nafn sjóðsins og ræður stjórn sjóðsins hvaða sjúklingur úr Vatnsleysustrandarhreppi nýtur þess í hvert skipti, og verði sjóðurinn svo ríkur, að hann geti kostað fleiri en eitt rúm, skal það gjört samkvæmt grein þessari.

#### 9. gr.

Reikningsár sjóðsins er almanaksárið og skal stjórn sjóðsins hafa lokið reikningum sjóðsins fyrri hluta janúarmánaðar ár hvert og senda þá endurskoðendur sjóðsins, sem kosnir eru af hreppsnefnd Vatnsleysustrandarhrepps.

10. gr.

Á skipulagsskrá þessari skal beiðast konunglegrar staðfestingar.

11  
15. febr.

Vatnsleysustrandarhreppi, 20. ágúst 1929.

**María Finnsdóttir. Guðríður Andrésdóttir.  
Aðalbjörg Ingimundardóttir.**

## HAFNARREGLUGERÐ

12  
20. febr.

fyrir

**Borgarneskauptún.**

Samkvæmt lögum nr. 76, 14. nóvember 1917, hefir atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið gefið út eftirfarandi hafnarreglugerð fyrir Borgarneskauptún.

### I. KAFLI.

#### Takmörk hafnarinnar.

1. gr.

Borgarneshöfn takmarkast að austan innan línu, sem hugsast dregin úr syðstu töngum Borgareyja inn Borgarfjörð, í 500 m. fjarlægð frá syðstu töngum Stóru-Brákareyjar og Borgarness, móts við Kveldúlfsböfða, og hornréttri línu upp í höfðann; að vestan innan línu, sem hugsast dregin úr vesturtöngum Borgareyja inn Borgarfjörð og Borgarvog, í 200 m. fjarlægð frá Dilartanga, og hornréttri línu upp í tangann. Að sunnan takmarkast hafnarsvæðið af línu þvert um fjörðinn 400 m. fyrir innan nyrztu tanga Borgareyja.

### II. KAFLI.

#### Stjórn hafnarinnar.

2. gr.

Yfirumsjón hafnarmála er í höndum hreppsnefndar. Hreppsnefnd kys 3 menn í hafnarnefnd samkvæmt fyrir mælum laga nr. 24, 15. júní 1926. Nefndin